

Ed.

514. Frumvarp til laga

[258. mál]

um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71).

1. gr.

Orðið heilbrigðistæknir er í lögum þessum notað sem samheiti þeirra, sem lokið hafa viðurkenndu námi tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar.

2. gr.

Rétt til að starfa hér á landi sem heilbrigðistæknar hafa þeir einir, sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðistækni og hlotið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að afloknu bóklegu og verklegu námi.

Ráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um náms- og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt heilbrigðistækna.

3. gr.

Rétt til að kalla sig hér á landi starfsheiti, sem að mati heilbrigðisyfirvalda fellur undir samheitið heilbrigðistæknir, hafa þeir einir, er hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Heilbrigðistæknir starfar við heilbrigðisstofnun eða við kennslustofnun heilbrigðisstétta. Ekki má heilbrigðistæknir starfa nema undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til heilbrigðistæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða um heilbrigðistækna.

6. gr.

Um heilbrigðistækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga, nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi heilbrigðistækna, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem kveðið er á um í 2. grein, getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með bréfi, dags. 14. febrúar 1970, til heilbrigðismálaráðherra óskaði Meina-tæknafélag Íslands eftir löggildingu á starfi og starfsréttindum meinatækna. Erindi þetta var sent landlækni til umsagnar með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðu-neytisins, dags. 27. febrúar 1970.

Í umsögn landlæknis, sem dagsett er 9. október 1970, segir m. a. svo: „Um starf og starfsréttindi meinatækna hafa ekki verið sett lög, en meðan svo er ekki, er ekki unnt að veita þessum starfshópi löggildingu.“

Í umsögn landlæknis var enn fremur lagt til, að samið yrði á næstunni frumvarp til laga um tæknilegt aðstoðarfólk við lækningar, og yrði frumvarpið þannig úr garði gert, að undir lögin gætu fallið allir slíkir tæknilegir aðstoðarmenn, þ. e. meinatæknar og röntgentæknar, svo og aðrir tilsvarandi tæknilegir starfshópar, sem um kynni að vera að ræða síðar.

Hinn 28. okt. s. l. skipaði svo heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nefnd til að semja frumvarp til laga um tæknimenntað aðstoðarfólk við lækningar. Skyldi frumvarpið vera með því sniði, sem lagt er til í umsögn landlæknis, og stefnt að því, að unnt yrði að leggja frumvarpið fyrir á yfirstandandi þingi.

Í nefndina voru skipuð Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Ásmundur Brekkan, yfirlæknir, Bergljót Haraldsdóttir, meinatæknir, Davíð Davíðsson, prófessor, og María Finnsdóttir, yfirhjúkrunarkona. Nefndin tók þegar til starfa.

## II.

Það kom strax í ljós, að lög þau, sem hér skyldi gera frumdrög að, yrðu að vera nokkuð almennt orðuð. Nú þegar eru til orðnir og komnir til starfa ýmsir hópar tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar með mjög mismunandi menntun og starfssvið.

Þróunin erlendis bendir einnig til þess, að æ fleiri slíkir sérhæfðir starfshópar verði teknir inn í kerfi lækningastarfsins, eins og það þróast nú með tilkomu nýrra tæknilegra hjálpartækja og nýrra sjúkrahúseininga með flóknum tæknibúnaði.

Samtímis því, að orðið hafa verulegar skipulagsbreytingar á sjúkrahúsunum og öðrum heilbrigðisstofnunum, eru þar einnig að verða róttækar breytingar á samsetningu starfsliðs.

Samsetningu starfsmannahópa sjúkrahúsanna og dreifingu verkefna ber að haga eftir hinum nýju aðstæðum. Því er nauðsynlegt að ætla nýjum starfshópum heilbrigðisstétta stað í skipulaginu og gera nú þegar ráð fyrir, að slíkar nýstéttir geti myndast og þróast að lögum.

## III.

Í umræðum innan nefndarinnar hefur ýmsar tæknimenntaðar stoðstéttir við lækningar borið á góma, og fjallað hefur verið um stöðu þessara stétta, bæði réttarlega og verkefnalega.

Rétt þótti að gera tillögu um samheiti fyrir þessar stéttir og varð orðið heilbrigðistæknir fyrir valinu. Því er þá ætlað að marka þessum stéttum sameiginlegt svið og afmarka þær frá öðrum sviðum og stéttum heilbrigðisstarfs. Þannig falla utan þessa sviðs þær stéttir, sem að hjúkrun starfa, svo sem almennt og sérmenntað hjúkrunarfólk, sjúkraliðar og gæzlusystur, enn fremur sérmenntað fólk við endurhæfingarstörf, svo sem sjúkraþjálfar. Undir lögin féllu ekki heldur sérmenntaðir fræðingar, svo sem tæknifræðingar, jafnvel þótt þeir ynnu að heilbrigðisstörfum. Hér eru því ætluð skil á milli tækna og fræðinga.

Undir lög þessi mundu falla t. d. meinatæknar með öllum undirsviðum, röntgentæknar og svo m. a. stéttir eins og tannsmiðir og gervilimasmiðir auk ýmissa nýstétta.

## IV.

Það var einróma álit nefndarmanna, að taka yrði hið allra fyrsta til endurskoðunar og samræmingar öll gildandi lög og reglugerðir um heilbrigðisstéttir og að eðlilegast væri þá að fella slík ákvæði saman í einn lagabálk.

Meðan það hefur ekki verið gert, verður hins vegar ekki hjá því komizt að skapa þann lagalega grundvöll, sem þarf til þess, að unnt sé að gera hvort tveggja: að veita nýjum heilbrigðisstéttum viðurkenningu í formi löggildingar til starfa og að útiloka vanmenntað fólk frá slíkum ábyrgðarstörfum.

Lög þau, sem hér er lagt til að sett verði, eiga, ásamt reglugerðum, sem settar skulu í krafti þessara laga, að skapa fullnægjandi grundvöll undir slíka löggildingu og slíkt aðhald.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

**Um 1. gr.**

Hér er nýyrðið „heilbrigðistæknir“ tekið upp og lagt til, að merking þess ein-skorðist við þann, sem menntazt hefur til þess að taka tæknilega þátt í stoðstarfi við lækningar. Undir þetta hugtak féllu t. d. meinatæknar allir (meinvefjafræði, sýklafræði, blóðmeinafræði og meinefnafræði), sem starfa við heilbrigðisstofnun eða kennslustofnun heilbrigðisstétta. Sama gildir um stétt röntgentækna, sem nú er í myndun.

**Um 2. gr.**

Ætlazt er til, að sett verði reglugerð fyrir hverja stétt heilbrigðistækna, þar sem menntunarskilyrði eru nánar mörkuð. Hér á landi fer nú þegar fram fullmenntun stétta eins og t. d. meinatækna, röntgentækna og tannsmíða, og eru þó hvergi settar fram reglur kennslu- né heilbrigðisyfirvalda um lágmarkskröfur varðandi menntun þessa, magn námsefnis og kennslutilhögun.

Því gerir nefndin ráð fyrir, að nú þegar verði settar reglugerðir varðandi þær stéttir heilbrigðistækna, sem þegar hafa myndazt. Um nýstéttir yrði fjallað á sama hátt, jafnóðum og þær verða til.

**Um 3. gr.**

Hér er vísað í mat heilbrigðisyfirvalda, og er þá átt við ákvörðun heilbrigðis-málaráðuneytisins byggða á tillögum eða álitserðum annarra heilbrigðisyfirvalda svo og viðkomandi stéttarfélags eða annarra aðila eftir því, sem við getur átt hverju sinni.

**Um 4. gr.**

Hér er því slegið föstu, að heilbrigðistæknar megi ekki hefja sjálfstætt starf, enda er menntun miðuð við starf undir umsjón lækna og læknisfræðilegra sér-fræðinga.

**Um 5. gr.**

Hér er sett undir þann leka, að vanmenntað starfsfólk komist í starf heilbrigðis-tækna. Sá, sem byggir meðferð sjúklings að einhverju leyti á starfi heilbrigðistækna eða á upplýsingum frá honum, verður að geta treyst slíkri stoð.

**Um 6. gr.**

Af þessari grein leiðir, að heilbrigðistæknar eru háðir sömu agareglum og viður-lögum við brotum í starfi og aðrar heilbrigðisstéttir.

**Um 7. gr.**

Hér er gert ráð fyrir, að þörf kunní að verða á almennri reglugerð um fram-kvæmd laganna, umfram hinar sérhæfðu reglugerðir, sem gert er ráð fyrir í 2. grein.

**Um 8. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 15. febrúar 1971.

Ráðuneytið hefur með fylgiseðli, dags. 12. þ. m., sent mér til umsagnar frumvarp um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Ég geri enga athugasemd við frumvarpið og mæli með því, að það verði lagt fyrir Alþingi óbreytt.

Benedikt Tómasson,  
settur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, R.